

# Fundargerð 117. fundar

## skólamálanefndar sambandsins

Árið 2019, miðvikudaginn 9. janúar kl. 12:00 kom skólamálanefnd sambandsins saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Magnea Hreinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Margrét Halldórsdóttir og Skúli Þór Helgason.

Að auki sátu fundinn: Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur, Guðjón Bragason sviðsstjóri, Helga Guðrún Jónasdóttir samskiptastjóri, Klara Eiríka Finnbogadóttir sérfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi, Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir lögfræðingur, Þórður Kristjánsson sérfræðingur og Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Einar Már Sigurðarson og Margrét Halldórsdóttir tóku þátt í fundinum á Skype.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Samráðshópur um samræmd próf - 1811037SA

Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, formaður samráðshóps um samræmd próf, kom á fund nefndarinnar og fór yfir verkefni hópsins en honum er falið að vinna tillögu að framtíðarstefnu um markmið, hlutverk, framkvæmd og fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa. Þá fór hún yfir áfangaskýrslu hópsins sem nýverið kom út. Í hópnum eiga m.a. sæti Helgi Arnarson, fræðslustjóri á Reykjanesi og nefndarmaður í skólamálanefnd og Þórður Kristjánsson, sérfræðingur hjá sambandinu.

Fram kom að í hópnum hefur nokkuð verið rætt um þrjúþætt markmið prófanna og hvort eitt próf geti uppfyllt þau öll svo vel sé. Í áfangaskýrslunni má finna yfirlit yfir fyrirkomulag í völdum löndum. Þar er m.a. fjallað um fyrirkomulagið í Skotlandi sem fundarmenn lýstu ánægju með.

Gagnaöflun hópsins er u.þ.b. að ljúka. Hópurinn er með upplýsingasíðu á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis með gögnum og fundafrásögnum, sjá hér <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?pageid=d562b285-9ab2-11e6-9409-005056bc4d74&itemid=50b25c81-e9ad-11e8-942f-005056bc4d74>. Bent er á að á Íslandi er lítið til af rannsóknum á námsmati og samræmdum prófum, en talsvert af erlendum rannsóknum.

Starfshópurinn hefur fundað með fjölmörgum aðilum og haldið samstarfsundi. Á þeim vettvangi hefur starfshópurinn orðið var við ákall um breytingar, ekki síst m.t.t. til opinberrar birtingar niðurstaðna.

Kynntar voru tillögur sambandsins í samráðshópnum um framtíðarfyrirkomulag samræmdra prófa. Á næstu fundum starfshópsins verða unnar sameiginlegar tillögur hópsins.

Skólamálanefnd leggur ríka áherslu á það í þessu samhengi að þörf er á að skýra betur eftirlits- og stuðningshlutverk Menntamálastofnunar eða menntamálaráðuneytis gagnvart sveitarfélögum.

## **2. Endurskoðun erindisbréfs skólamálanefndar - 1810078SA**

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs fór yfir endurskoðun erindisbréfs skólamálanefndar, sem byggir á ábendingum frá stjórn sambandsins á grundvelli nýsamþykkrar stefnumörkunar þess hvar jafnan er fjallað um skóla- og frístundastarf. Í erindisbréfi nefndarinnar frá 2012 er eingöngu fjallað um skólamál. Þá mun skólamálanefnd fylgjast með framgangi starfsáætlunar á svið skóla- og frístundamála.

Fulltrúar í nefndum verða áfram 5, blanda kjörinna fulltrúa og embættismanna, og miðað við að enginn sitji lengur í nefnd en sem nemur tveimur kjörtímabilum. Nefndin er ráðgefandi við stjórn og starfsmenn í málefnum skóla- og frístundastarfs.

*Ekki voru gerðar athugasemdir við erindisbréfið og verður málinu vísað áfram til stjórnar.*

Guðjón Bragason, Helga Guðrún Jónasdóttir og Vigdís Häsler yfirgáfu fundinn að loknum þessum fundarlið.

## **3. Vinnufundur skólamálanefndar 13. febrúar - 1810078SA**

Skólamálafulltrúi lagði fram drög að dagskrá vinnufundar skólamálanefndar, sem haldinn verður 13. febrúar nk. Sambærilegir fundir hafa þrisvar áður verið haldnir. Meginviðfangsefnið verður að skoða nýja stefnumörkun sambandsins sem heyrir undir málefnasvið nefndarinnar, starfsáætlun á hennar grunni og ræða áherslur og forgangsröðun verkefna, frumkvæði skólamálanefndar o.fl. Þá verða fulltrúar kjarasviðs og hag- og upplýsingasviðs með innlegg á fundinum.

*Nefndarmenn voru ánægðir með dagskrárdrögin og bentu á að gefa þyrfti góðan tíma til að ræða nýliðunartillögur og leyfisbréfamálið. Upphafstími fundarins liggur ekki fyrir ennþá.*

Vigdís Häsler kom aftur á fundinn.

## **4. Nýliðunartillögur menntamálaráðherra vegna skorts á kennurum - 1609007SA**

Menntamálaráðherra lagði fram til kynningar á ríkisstjórnarfundum 21. desember sl. drög að aðgerðaáætlun vegna nýliðunar til að bregðast við kennaraskorti. Lagt var fram minnisblað sambandsins með athugasemdum og farið yfir stöðu og framhald málsins og aðkomu sambandsins. Þá var einnig rædd staða vinnu starfshóps um víðtækara gildssvið leyfisbréfa þvert á skólastig.

Fram kom að haldinn verður fundur með fulltrúum mennta- og fjármálaráðuneytis til að ræða fjármögnun tillagna og framkvæmd að loknum skólamálanefndarfundum. Gert er ráð fyrir að tillögur um launað starfsnámsár kennaranema og markvissrar leiðsagnar þeirra komi til framkvæmda strax næsta haust. Bent á að fjárhagslegur ávinningur sé lykilþáttur í að fjölga kennaranemum og því afar brýnt að nýtt frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sem nú er í vinnslu, innifeli tillögu um að lánum til kennarnema verði breytt í styrki.

Skólamálanefnd telur tillagan um námsstyrki í stað námslána mun skila miklum árangri í að fjölda kennaranemum, ekki hvað síst í leikskólafræðum. Jafnframt leggur nefndin til að tekin verði upp markviss umræðu um mönnun fagfólks á leikskólastigi í samhengi við menntunarkröfur löggjafans enda ljóst að þær kröfur verða ekki uppfylltar á næstu áratugum.

#### **5. Árvissir samráðsfundir með MVS HÍ og kennaradeild HA - 151122SA**

Samkvæmt formlegum viljayfirlýsingum við háskólana tvo skal halda árlega samráðsfundi til faglegrar umræðu og skoðanaskipta um nám og kennslu, menntun kennaraefna o.fl. MVS mun boða sameiginlegan vorfund 2019 og hefur hafið undirbúning hans. Skólamálanefnd ásamt skólateymi sitja þessa fundi.

*Tillaga skólamálanefndar að dagskrárefni á árlegum samráðsfundi er umfjöllun um þrepaskiptingu leikskólakennaranáms sem leiði til tiltekinna starfsréttinda áður en meistaragráðu er náð. Nefndin benti einnig á að gagnlegt væri að fá fulltrúa frá Félagi leikskólakennara undir þeim dagskrárlið. Skólamálafulltrúi kemur þessum ábendingum til MVS.*

#### **6. Skólateymi sambandsins - fundargerð til kynningar - 1601010SA**

Fundargerð skólateymisfundar frá 13. desember sl. lögð fram til kynningar.

#### **7. Úttekt á stöðu læsisstefnu vegna Þjóðarsáttmála um læsi - 1805037SA**

Menntamálastofnun, í samstarfi við sambandið, gerði nýverið úttekt á gerð læsisstefna hjá sveitarfélögum og skólum og lögð voru fram drög að niðurstöðum hennar til kynningar. Fram kemur m.a. að hlutfall sveitarfélaga sem sett hefur sér lestrarstefnu er ekki hátt en hlutfall skóla með slíka stefnu er mun hærra. Fulltrúar úr skólateymi bentu á að könnunin var send á fræðslustjóra en allnokkur sveitarfélög hafa ekki fræðslustjóra/skólaskrifstofu sem gæti skekkt þessar niðurstöður.

*Fram kom að fulltrúar MMS hafa óskað efir fundi með sambandinu um skýrsludrögin og veður hann haldinn fljótlega. Þá kom ósk um það frá skólamálanefnd að fá MMS á næsta almenna fund skólamálanefndar til samtals um niðurstöður úttektarinnar og fyrirkomulag varðandi eftirfylgd og stuðning MMS í kjölfar hennar.*

#### **8. Uppskeruhátíð skólaþróunar og menntaumbótaverkefna - 1809017SA**

Samtök áhugafólks um skólaþróun vill endurvekja veitingu viðurkenningar vegna framúrskarandi skólastarfs og skólaþróunaverkefna í samráði við hagsmunaaðila og hefur óskað eftir aðkomu sambandsins. Lögð voru fram drög að samkomulagi sem lýsir fyrirkomulagi og framkvæmd.

*Skólamálanefnd lýsir yfir ánægju með framtakið og mælir með því við stjórn sambandsins að sambandið eigi aðkomu að undirbúningi og framkvæmd slíks viðburðar ásamt öðrum hagsmunaaðilum um gæðaskólastarf.*

Fundi var slitið kl. 14:30

---

Anna Magnea Hreinsdóttir

---

Einar Már Sigurðarson

---

Helgi Arnarson

---

Margrét Halldórsdóttir

---

Skúli Þór Helgason